

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Ólafusjóð.

### 1. gr.

#### *Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Ólafusjóður og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

### 3. gr.

#### *Markmið.*

Markmið stofnunarinnar er að styðja við útgáfu Ólafíu, rits sem Félag íslenskra fornleifafræðinga á Íslandi gefur út.

Er þetta gert í þeim tilgangi að efla útgáfu skrifa sérfræðinga í fornleifafræði, innlendra sem erlendra á íslenskum vettvangi, á íslensku eða öðrum tungumálum, fræðunum, íslenskri menningu og sögu til framdráttar. Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að veittur sé árlega styrkur úr sjóðnum sem í hæsta lagi nemur ávöxtun hans að frádregnum kostnaði við t.d. endurskoðun reikninga stofnunarinnar.

### 4. gr.

#### *Stofnendur.*

Stofnendur stofnunarinnar eru hjónin dr. Ólafía Einarasdóttir, kt. 260724-2039 fyrsti íslenski háskólamenntaði fornleifafræðingurinn og eiginmaður hennar dr. Bent Fuglede, f. 8. október 1925 til heimilis að Trongaardsparken 67, 2800 Kgs. Lyngby, Danmörku. Framlag þeirra er einmilljón danskra króna. Skúli Pálsson, kt. 250737-2979, Smáragötu 8a, 101 Reykjavík er einnig stofnandi án framlags.

### 5. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 21.350.000. Stofnféð er óskerðanlegt. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

### 6. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val á stjórnarmönnum skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hennar hönd. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnarinnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á að fjalla um málið, sé ekki annar kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

## 7. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting samþykkt, slit og sameining.*

Til að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurfellingar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiða sem greint er frá í 3. gr. hér að framan eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 10. janúar 2013.*

**Ríkarður Másson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*